



Okkar mál

*Samstarf um menningu,
mál og læsi í Fellahverfi*

Samstarfsáætlun 2013-2014

Úr aðalnámskrám leik- og grunnskóla.....	1
Samstarfsáætlun 2013-2014	1
Markmið samstarfs.....	1
Gögn með samstarfsáætlun	2
Áframhaldandi þróun samstarfs.....	3
Fylgiskjöl	4
1. Tímarammi samstarfsáætlunar 2013-2014	5-8
2. Útskrift leikskóla í skóla	9
3. Upplýsingar frá leikskóla til skóla	10
a. Eyðublað með upplýsingum við skólaskil	10
b. Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni barna	12
4. Söngbók Fellahverfis.....	13-23

Júní 2013

Verkefnisstjórar í leikskólunum Holti og Ösp,
í Fellaskóla, á skóla- og frístundasviði, á Þjónustumiðstöð
Breiðholts og Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Úr aðalnámskrám leik- og grunnskóla¹

„Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli“

„Kennarar á báðum skólastigum þurfa að kynna sér nám og starfsaðferðir hvers annars þannig að börn upplifi samfellu milli leikskóla og grunnskóla. Til þess að tryggja að svo verði þurfa leikskólar og grunnskólar að vinna áætlun sem felur í sér sameiginlegar áherslur beggja skólastiga samkvæmt aðalnámskrá sem og ákvarðanir um verkferla og ábyrgð á framkvæmdinni. Birta skal slíka áætlun í skólanámskrám skóla á báðum skólastigum.“

Samstarfsáætlun 2013-2014

Þessi samstarfsáætlun sem birtist í skólanámskrám leikskólans Holts, leikskólans Aspar og Fellaskóla er hluti af þróunarverkefninu *Okkar mál – samstarf um menningu, mál og læsi í Fellahverfi* (www.tungumalatorg.is/okkarmal).

Að vinnunni hafa komið verkefnastjórar í leikskólunum Holti og Ösp, í Fellaskóla, á skóla- og frístundasviði, á Þjónustumiðstöð Breiðholts og Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Til ráðgjafar hafa verið deildarstjórar í leikskólunum, kennarar fyrstubeckinga í Fellaskóla og þátttakendur í stýrihópi verkefnisins.

Markmið samstarfs

Meginmarkmið þessarar samstarfsáætlunarinnar er:

- Að stuðla að miðlun upplýsinga á milli skólastiga og markvissu samstarfi þar sem heildræn sýn á barnið, menntun þess og velferð er höfð að leiðarljósi.
- Að byggja upp þekkingu á starfsháttum og inntaki skólastarfs og skapa samfellu í námi og kennslu barna á báðum skólastigum.
- Að tryggja vellíðan og öryggi barna við skólaskil og auðvelda þeim og fjölskyldum þeirra þá breytingu sem fylgir því að fara úr leikskóla yfir í grunnskóla.

Auk ofantalinna markmiða er stefnt að því að vinna að stöðugri endurskoðun samstarfsins með það að markmiði:

- Að auka þekkingu kennara og starfsfólks á þáttum sem hafa áhrif á máltöku og læsi allra barna með sérstakri áherslu á börn með annað móðurmál en íslensku
- Að tengja nærumhverfið, menningu og daglegt líf við málþroska og læsi barna

¹ Af bls. 34 í aðalnámskrá leikskóla 2011 og af bls. 75 í aðalnámskrá grunnskóla 2011.

- Að efla fagleg vinnubrögð og færni kennara í starfi með margbreytilegum barna- og foreldrahópi

Gögn með samstarfsáætlun

Með samstarfsáætluninni fylgja ferns konar gögn sem eru tímarammi fyrir samstarf leik- og grunnskóla, Lýsing á ferli útskriftar, form fyrir upplýsingar frá leikskóla til grunnskóla og „Söngbók Fellahverfis“.

Tímarammi

Í tímaramma sem útbúinn hefur verið fyrir næsta skólaár (sjá fskj. á bls. 5-8) má sjá yfirlit þeirra atburða sem tengjast skipulögðu samstarfi leikskólanna og grunnskólans í Fellahverfi. Skipta má samstarfinu í fjóra megin flokka:

- Heimsóknir leikskólabarna milli leikskóla og í grunnskólann
- Heimsóknir grunnskólanemenda í leikskólana
- Samráð starfsmanna leikskóla, grunnskóla, þjónustumiðstöðvar o.fl.
- Upplýsingamiðlun og samstarf við foreldra

Yfirlit yfir helstu markmið, ábyrgð og mat koma jafnframt fram í tímarammanum.

Taka má fram að auk skipulagðs samstarfs í tímaramma næsta skólaárs eru starfsmenn skólanna hvattir til tengslamyndunar með því að hringja eða senda tölvupósta sín á milli og nýta önnur tækifæri sem gefast til samstarfs. Til að mynda hafa leikskólarnir fengið aðgengi að íþróttasal Fellaskóla og bókasafni skólans. Eins hafa skólarnir aðgengi að leikvöllum hvers annars og nægir að láta vita af slíkum heimsóknum þegar komið er á staðinn.

Útskrift leikskóla í skóla

Áhugaverður afrakstur af vinnu við samstarfsáætlunina felst í því að útskriftarathöfn elstu barnanna á leikskólanum fer nú fram í rúmgóðu húsnæði Fellaskóla. Með þessu gefst tækifæri til að tengja skólana, miðla upplýsingum, kynna aðstöðu og starf grunnskólans fyrir foreldrum og börnum. Lýsing á ferli þessarar sameiginlegu útskriftar fylgir með samstarfsáætluninni (sjá fylgiskjal á bls. 9).

Upplýsingar frá leikskóla til grunnskóla

Hluti af vinnu við samstarfsáætlun skóla í Fellahverfi fólst í því að greina og útfæra ramma fyrir þær upplýsingar sem fara frá leikskóla til grunnskóla við skólaskil. Útfært var eyðublað þar sem áhersla er lögð á miðla gagnlegum upplýsingum um tungumálakunnáttu, þroskaþætti og áhugamál barnsins, samskipti heimila og skóla og fleira (sjá fjsk. á bls. 10-11). Jafnframt var ákveðið að leikskólaútgáfa af gátlista um sjálfsmynd og félagsfærni barna sem unnin var af starfshópi á vegum Leikskóla- og Menntasviðs Reykjavíkur árið 2008 (sjá fjsk. á bls. 12) yrði nýtt til upplýsingamiðlunar. Með framangreindum gögnum geta fylgt niðurstöður úr prófum sem lögð hafa verið fyrir börnin.

Vert er að taka fram að Þjónustumiðstöð Breiðholts (ÞB) heldur skilafund í apríl þar sem lykilaðilar frá skólanum fá greinargerð vegna aðkomu allra barna sem tengjast ÞB. Að hausti sitja aðilar frá ÞB fund í öllum grunnskólunum þar sem fylgst er með börnum í vinnu. Umræður ÞB, skólans og heilsugæslu fylgja í kjölfarið þar sem mörkuð er stefna varðandi börn í áhættu. Bæta má því við að tengiliðir frá ÞB mæta á teymisfundi og sitja samráðs- og nemendarverndarfundi í skólanum.

Söngbók Fellahverfis

Á fundi verkefnastjóra, deildarstjóra í leikskólum og kennara fyrstubeckinga kom fram sú ósk hjá kennara í Fellaskóla að syngja meira með nemendum sínum í fyrsta bekk. Eins var rætt um að samræma mætti betur undirbúning og val á lögum sem leikskólabörnin syngja á Degi íslenskrar tungu í Fellaskóla. Í þessu samhengi var fjallað um gildi söngs fyrir málörvun og fram kom sú hugmynd að útbúa söngbók sem væri sameiginleg með leikskólanum og grunnskólanum. Frá hverjum starfsstað kom tillaga að lögum í söngbókina sem lögðu grunn að söngbók Fellahverfis (sjá fylgiskjöl á bls. 14-23).

Í heimsókn fyrstubeckinga í gamla leikskólann sinn í september verður söngbókin sem börnin skildu eftir á leikskólanum sótt og tækifærið vafalítið notað til að syngja saman.

Stefnt er að því að útfæra söngbókina einnig á rafrænu formi þannig að foreldrar og börn geti hlustað á upptökur af söng, skoðað textann og sungið saman.

Áframhaldandi þróun samstarfs

Stefnt er að því að meta, endurskoða og þróa samstarfsáætlunina áfram á næstu skólaárum. Í þeirri vinnu verður lögð áhersla á að markmið Okkar máls verkefnisins er snúast um mál, læsi og menningu endurspeglit í ríkara mæli í samstarfsáætluninni. Atriði sem athyglinni verður sérstaklega beint að eru: sameiginleg gildi, útikennsla, stærri þemaverkefni á mörkum skólastiga, þátttaka eldri nemenda í samfellunni, skráningar starfsins, ferlalýsingar, gögn og rannsóknir sem styðja við verkefnið, rafræn útgáfa söngbókar, miðlun upplýsinga á neti, samfella í spjaldtölvuverkefnum, markviss vinna með málörvun og læsi í frístundastarfi, upplýsingamiðlun til foreldra, virk þátttaka foreldra í samstarfinu, tenging leikskóla- og frístundastarfs og samstarf í hverfinu.

Fylgiskjöl

1. Tímarammi samstarfsáætlunar 2013-2014
2. Útskriftir leikskólana Aspar og Holts í Fellaskóla
3. Upplýsingar frá leikskóla til skóla
 - a. Eyðublað með upplýsingum við skólaskil
 - b. Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni barna
4. Söngbók Fellahverfis

1. Tímarammi samstarfsáætlunar 2013-2014 - DRÖG

Mánuður	Atburður	Markmið	Ábyrgð - Mat og skráning	Tími
Ágúst	Skipulagsfundur Verkefnastjórar í Okkar máls verkefninu fara yfir tímasetningar og áherslur vetrarins. Sönglög fyrir Dag íslenskrar tungu ákveðin.	Að skipuleggja samstarfið	OM-verkefnastjórar - Fundargerð	DRÖG
	Samstarfsfundur og fræðsla (1) Fyrsti fundur með verkefnastjórum, deildarstjórum, kennurum á yngsta stigi og frístundafólki. Valin starfsemi á hverjum stað kynnt.	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, kynna samstarfsáætlunina, ræða samstarfið og áherslur vetrarins.	Stýrihópur og verkefnastjórar OM - Myndir og kynningarefni - Einfalt matsblað	DRÖG
	Samstarfsáætlun birt á heimasíðum skóla	Að gera samstarfsáætlunina aðgengilega fyrir allt skólasamfélagið	Verkefnastjórar HÖF	DRÖG
	Undirbúningsfundur kennara 1. bekkjar og kennsluráðgjafa Rætt um samstarf og farið yfir gátlista fyrir foreldraviðtöl	Að undirbúa farsælt foreldrasamstarf	Kennsluráðgjafar ÞB - Upplýsingar til OM-verkefnastjóra	DRÖG
	Einstaklingsfundir með foreldrum 1. bekk. Völdu upplýsingaefni miðlað og foreldrar skrifa undir leyfi fyrir myndatökum	Að byggja upp gott foreldrasamstarf	Umsjónarkennarar og verkefnastjóri F - Upplýsingar til OM-verkefnastjóra	DRÖG
September	Fundur verkefnastjóra OM	Að skipuleggja samstarfið með áherslu á <u>valið efni</u>	OM-verkefnastjórar - Fundargerð	DRÖG
	1. bekkur heimsækir leikskólana Börnin sækja söngbókina sína og taka þátt í frjálsum leik. Auka söngbækur til ef vantar.	Að nemendur finni samfellu og öryggi við skólaskiptin. Að kennarar 1. bekkjar kynnist starfi leikskólans. Að auka vægi söngs í 1. bekk.	Verkefnastjórar á leikskólunum - Myndefni á vef - Kennarar og deildarstjórar fylla út matslista	DRÖG
Október	Skimanir og fundir Tove Krog prófið lagt fyrir 1. bekk ÞB fylgist með sínum skjólstaðingum Fundur skóla, heilsugæslu og ÞB.	Að meta stöðu nemenda og bregðast við henni Að fylgjast með þeim nemendum sem ÞB skilaði upplýsingum um í apríl. Að skapa tengsl og móta stefnu stöðu nemenda	Starfsmenn skóla, heilsugælu og ÞB - Tölulegum upplýsingum miðlað inn á fund OM-verkefnastjóra	1. okt.

	Fundur verkefnastjóra OM	Að skipuleggja samstarfið með áherslu á <u>valið efni</u>	OM-verkefnastjórar - Fundargerð	DRÖG
	Leikskólabörn heimsækja skólann Skólastjóri tekur á móti hópnum og leiðir um skólann. Smiðjuheimsókn með nemendum 1. bekkjar.	Að elstu nemendur leikskólans kynnist fjölbreyttu starfi skólans. Að starfsmenn leikskóla kynnist starfi grunnskólans.	Skólastjóri, verkefnastjóri F og umsjónarkennarar - <i>Myndum miðlað á heimasíðum HÖF</i> - <i>Kennarar og deildarstjórar fylla út matslista</i>	DRÖG
	Upplýsingatorg á foreldradegi í Fellaskóla	Að miðla hagnýtu upplýsingaefni um þjónustu borgarinnar og fleira aðila til foreldra.	Kennsluráðgjafar á ÞB - <i>Upplýsingar til OM-verkefnastjóra</i>	DRÖG
	Heimsóknir milli leikskóla Börnin hittast og syngja saman	Að verðandi skólafélagar kynnist og skapi tengsl	Deildarstjórar HÖ - <i>Myndefni á vef</i> - <i>Deildarstjórar fylla út matslista</i>	DRÖG
Nóvember	Samstarfsfundur og fræðsla (2) Annar fundur með verkefnastjórum, deildarstjórum, kennurum á yngsta stigi og frístundafólki. Fræðsla um <u>valið efni</u>	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum OM-verkefnisins. Áhersla verður á mál og læsi og skoðað hvernig hægt er að vinna með markmið tengd því áfram í samstarfinu.	Verkefnastjórar OM - <i>Myndir og kynningarefni</i> - <i>Einfalt matsblað</i>	DRÖG
	1. bekkur heimsækir leikskólana Unnið í smiðjum (t.d. málað og leirað)	Að nemendur finni samfellu við skólaskiptin. Að kennarar 1. bekkjar kynnist starfi leikskólans.	Verkefnastjórar á leikskólunum - <i>Myndefni á vef</i> - <i>Kennarar og deildarstjórar fylla út matslista</i>	DRÖG
	Dagur íslenskrar tungu Leikskólabörn af báðum leikskólum syngja saman í athöfn í Fellaskóla	Að leikskólabörnin kynnist skólanum betur.	Stjórnendur og deildarstjórar - <i>Myndir á heimasíðu</i> - <i>Umræða verkefnastjóra</i>	DRÖG
Desember	Helgileikur Leikskólabörn horfa á helgileik í skóla	Að leikskólabörnin kynnist skólanum enn betur og finni til öryggis þar.	Verkefnastjórar HÖF - <i>Myndir á heimasíðu</i> - <i>Umræða verkefnastjóra</i>	DRÖG
Janúar	Fundur verkefnastjóra OM	Að skipuleggja samstarfið með áherslu á <u>valið efni</u>	OM-verkefnastjórar - Fundargerð	3.jan.
Febrúar	Bréf um skráningu í skóla og frístund berst foreldrum. Ef við á senda leikskólastjórar þýðingu á bréfi til foreldra	Að kynna skólastarfið og tryggja skráningu.	SFS og leikskólastjórar - <i>Upplýsingar til OM-verkefnastjóra</i>	DRÖG
	Kynning og myndefni á vef skóla vefslóð fari t.d. í foreldrabréf	Að kynna skólastarfið á myndrænan hátt.	Verkefnastjórar F og ÞB - <i>Upplýsingar til OM-verkefnastjóra</i>	DRÖG
	Fundur skólastjórnenda um skóladagatal	Að tryggja sameiginlega starfsdaga í hverfinu á næsta skólaári.	Skólastjórnendur - <i>Upplýsingar til OM-stýrihóps</i>	DRÖG

	Upplýsingatorg á leikskóla	Að miðla hagnýtu upplýsingaefni um þjónustu borgarinnar og fleira aðila til foreldra.	Kennsluráðgjafar á ÞB og verkefnastjórar OM - <i>Upplýsingar til OM-verkefnastjóra</i>	DRÖG
	Samstarfsfundur og fræðsla (3) Þriðji fundur með verkefnastjórum, deildarstjórum, kennurum á yngsta stigi og frístundafólki. Fræðsla um <u>valið efni</u>	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum OM-verkefnisins.	Verkefnastjórar OM - <i>Myndir og kynningarefni</i> - <i>Einfalt matsblað</i>	DRÖG
Mars	Fundur verkefnastjóra OM	Að skipuleggja samstarfið með áherslu á <u>valið efni</u>	OM-verkefnastjórar - Fundargerð	DRÖG
	Leikskólabörn heimsækja skólann Borða nesti í matsal, taka þátt í kennslustund og leika í frístund. Börnum utan hverfis og foreldrum boðið í heimsóknina	Að kynna húsnæði skólans og starfsemi. Að leikskólabörnin finni öryggi við skólaskiptin.	Verkefnastjórar HÖF - <i>Myndum miðlað á heimasíðum HÖF</i> - <i>Kennarar og deildarstjórar fylla út matslista</i>	DRÖG
Apríl	Fundur verkefnastjóra OM	Að skipuleggja samstarfið með áherslu á <u>valið efni</u>	OM-verkefnastjórar - <i>Fundargerð</i>	DRÖG
	1. bekkur heimsækir leikskólana og vinnur verkefni með einingakubbum	Að vinna verkefni með einingakubba út frá <u>völdu þema</u> sem skapar samfellu milli leik- og grunnskóla.	Verkefnastjórar á leikskólunum - <i>Myndum miðlað á heimasíðum HÖF</i> - <i>Kennarar og deildarstjórar fylla út matslista</i>	DRÖG
	Skilafundur ÞB Upplýsingum um skjólstæðinga sem byrja í 1. bekk miðlað til grunnskólans	Að lykilaðilar frá grunnskólunum fái greinargerð vegna allra barna sem tengjast ÞB.	Starfsmenn ÞB og deildarstjóri F, sérkennari og þroskaþjálfari - <i>Tölulegum upplýsingar til OM-verkefnastjóra</i>	DRÖG
Mái	Samstarfsfundur og fræðsla (4) Fjórði fundur með verkefnastjórum, deildarstjórum, kennurum á yngsta stigi og frístundafólki. Fræðsla um <u>valið efni</u> Umræður og mat á samstarfinu og horft til framtíðar.	Að miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum OM-verkefnisins. Að meta starfið og leggja drög að næsta skólaári.	Verkefnastjórar OM - <i>Myndir og kynningarefni</i> - <i>Rýnihópur</i>	DRÖG
	Leikskólabörn heimsækja skólann og vinna <u>valin verkefni</u>	Að leikskólabörnin kynnist fjölbreyttu starfi skólans og finni til öryggis við skólaskiptin.	Verkefnastjórar HÖF - <i>Myndum miðlað á heimasíðum HÖF</i> - <i>Kennarar og deildarstjórar fylla út matslista</i>	DRÖG
	Útskrift leikskólabarna í hátíðarsal Fellaskóla Kynning á skóla	Að skapa samfellu milli leik- og grunnskólans. Að miðla upplýsingum til foreldra um skólustarfið og auðvelda þeim og börnunum skólaskilin.	Skólastjórar, deildarstjórar og verkefnastjórar HÖF - <i>Myndir og kynningarefni</i> - <i>Rýni á fundi OM-verkefnastjóra</i>	DRÖG

	Fræðsla til foreldra elstu barna um skólabyrjun	Að miðla upplýsingum um rafræna Reykjavík, frístundakort, skólabyrjun, Mentor, málörvun, hlutverk foreldra o.fl.	Kennsluráðgjafar á ÞB og verkefnastjóri F	DRÖG
Júní	Leikskólarnir skila gögnum til grunnskólans með umræðum og skráningum á pappír	Að efla upplýsingaflæði milli skólastiga og undirbúa komu leikskólabarna í grunnskólann.	Deildarstjórar á leikskólum, deildarstjóri F, sérkennari og þroskaþjálfari	DRÖG
	Fundur verkefnastjóra OM um mat á samstarfi	Að meta samstarfið á árinu, horfa til framtíðar og senda út rafrænar kannanir til þátttakenda	OM-verkefnastjórar - <i>Í OM-skýrslu skólaársins</i>	DRÖG

Litir í töflu:

Ljósblár	Heimsóknir nemenda í leikskóla
Appelsínugulur	Heimsóknir barna í skóla/leikskóla
Grænn	Samráð starfsmanna
Fjólublár	Foreldratenging

Skammstafanir í texta :

HÖF	Holt, Ösp og Fellaskóli
ÞB	Þjónustumiðstöð Breiðholts
OM	Okkar mál
SFS	Skóla- og frístundasvið


2. Útskriftir leikskólana Aspar og Holts í Fellaskóla

- Lýsing á ferli 2013²

- Útskrift verður í hátíðarsal skólans. Huga þarf að eftirfarandi:
 - Hljóðkerfi
 - Tölva, skjávarpi og tjald
 - Borð fyrir útskriftargögn
 - Stóla fyrir a.m.k. 50 manns
- Veitingar í matsal skólans (á neðstu hæð)
 - Matsalur verður tilbúinn kl. 13.30 fyrir starfsmenn leikskóla til að undirbúa veisluhöldin.
 - Uppi við aðalinngang verður tilbúinn hjólavagn sem getur ferjað veitingar frá foreldrum og annað niður með lyftu ef þörf er á.
 - Leikskólinn hefur umsjón með því að veitingar verði fluttar niður í matsal og settar á hlaðborðið.
 - Fellaskóli býður upp á kaffi með mjólk niðri í matsal og hefur tilbúnar tómar könnur fyrir drykki.
 - Leikskólinn sér um frágang í matsal að athöfn lokinni.
- Dagskrá
 - Dagskráin hefst á því að 1. bekkingar syngja lag til að bjóða hópinn velkomin í skólann.
 - Kristín skólastýra býður starfsfólk leikskólanna, börnin og fjölskyldur þeirra velkomin. Hún segir frá starfsemi Fellaskóla, kynnir deildarstjóra yngsta stigs og kennarar verðandi fyrstubekkinga og afhendir leikskólastjóra orðið.
 - Að þessari kynningu lokinni tekur sjálf útskriftarathöfn leikskólans við með orðum leikskólastjóra, atriðum leikskólabarna og sjálfri útskriftinni sem er í höndum deildarstjóra og leikskólastjóra.
 - Eftir dagskrá í sal er gengið niður í matsal skólans.
- Upplýsingar til foreldra
 - Ester deildarstjóri á yngsta stigi verður til taks á útskriftinni sjálfri og til viðtals í matsalnum ef einhverjir foreldrar vilja grípa tækifærið og spyrja spurninga. Lögð er áhersla á að foreldrar upplifi sig velkomna af starfsfólki skólans og að viðmótið sé vingjarnlegt.

² Myndir frá útskrift í maí 2013 má finna á vef Okkar máls verkefnisins
<http://tungumalatorg.is/okkarmal/2013/05/29/utskrift-leikskola-i-skola>

3.a) Skil frá leikskóla til grunnskóla



Nafn:

Kennitala:

Fjölskylduhagir:

Systkini í skólanum:

Samskipti heimila og skóla:

Upprunaland fjölskyldu:

Fæðingarland barns:

Tungumál móður/föður og samskiptamál fjölskyldu:

Barnið byrjaði í íslensku málumhverfi/leikskóla:

Dvalartími að meðaltali:

Styrkleikar (þroskapættir og áhugamál):

Staða í íslensku

Staða í móðurmáli

Byrjandi	Lengra kominn	Lengst kominn	Veit ekki

Sjálfhjálp nemenda:

þarf aðstoð við:

Meðfylgjandi gögn

- Niðurstöður HLIÓM prófsins
- Gátlisti um sjálfsmýnd og félagsfærni
- Staða, framfarir, framhald
- EFI-2
- Annað:

Já	Nei

Dagsetning

Tengiliður í leikskóla

Sími í leikskóla:



Gæta skal fullrar þagnarskyldu um persónuupplýsingar sem aflað er um barn í leikskóla og fylgja því í aðra leikskóla eða grunnskóla (sbr. 4 gr. reglugerðar um skil og miðun upplýsinga milli leik- og grunnskóla).

3.b) Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni barna

Nafn barns:

Fæðingardagur:

Vinsamlega sláðu inn viðeigandi tölu fyrir hvern þátt:

3=yfirleitt 2=stundum 1=sjaldan/aldrei x=veit ekki

	3 ára		4 ára		5/6 ára	
	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor
Samskipti/samvinna						
Samskipti barns við jafnaldra						
Samskipti barns við fullorðna						
Deilir með sér/miðlar málum						
Sýnir tillitssemi/hjálpssemi						
Myndar augnsamband						
Myndar vinatengsl						
Fylgir reglum						
Verður ekki fyrir áreitni						
Átök/stjórnsemi						
Sýnir biðlund						
Fylgir fyrirmælum						
Sjálföruggi/sjálfstraust						
Þorir að koma fram fyrir hóp						
Sýnir staðfestu/sjálfsþæði						
Setur mörk gagnvart ókunnugum						
Er öruggt í nýjum aðstæðum						
Tekur hrósi						
Sýnir stolt gagnvart eigin getu						
Sýnir þrautseigju						
Þátttaka og frumkvæði						
Tekur þátt í daglegu starfi						
Sýnir frumkvæði						
Tekur þátt í umræðum						
Tilfinningar						
Sýnir samkennd						
Orðar tilfinningar						
Sýnir glaðvæð						
Sýnir ótta						
Sýnir hryggð						
Sýnir reiði						
Viðbrögð barns við áminningu						
Leikur						
Skapandi leikur						
Félagslegur leikur						
Innkoma í leik						
Úthald í leik						
Unir sér í útiveru						

Annað:

Gátlistar um sjálfsmynd og félagsfærni barna frá 2008 eru unnir af starfshópi á vegum Leikskóla- og Menntasviðs Reykjavíkur.

Lagalisti

Það er skemmtilegast	1
Stafrófsvísa	2
Hæ góðan dag	2
Gull og perlur	3
Krummi svaf í klettgjá	4
Norðanvindur	5
Að gæta hennar gildir	5
Vorvindar	6
Krúsilíus	7
Che, che kule	8
Óskasteinar	9
Ruggutönn	10
Ég er furðuverk	11
Si mama ka	12
Syngjandi geng ég allstaðar	13
Allir hafa eitthvað til að ganga á	14
Lóan er komin	15
Maístjarnan	16
Þorrapræll	17
Hafið bláa hafið	18
Það er leikur að læra	19
Ef sólin væri	20

Söngbók Fellahverfis



Okkar mál

*Samstarf um menningu,
mál og læsi í Fellahverfi*



Ruggutönn / Dansk lag eftir Povel Koller og Charlotte (sjá bornogtonlist.net)

Ég er með lausa tönn
hún ruggar geðveikt mikið.
Pabbi vill toga' í mína tönn
en nei, þar dreg ég strikið!

Hún er mín eigin ruggutönn
ruggu-ruggu-ruggu-ruggutönn.
Ég vil ekki missa mína ruggutönn
ruggu-ruggu-ruggutönn.

Ég er með lausa tönn
hún ruggar er ég tala.
Mamma vill taka þessa tönn
ég neita því og gala:

Hún er mín eigin ruggutönn
ruggu-ruggu-ruggu-ruggutönn.
Ég vil ekki missa mína ruggutönn
ruggu-ruggu-ruggutönn.

Ég er með lausa tönn
hún ruggar við hvern sopa.
Ég sötra saft í óða önn
því hún ruggar líka er ég ropa!

Ég elska mína ruggutönn
ruggu-ruggu-ruggu-ruggutönn.
Ég vil ekki missa mína ruggutönn
ruggu-ruggu-ruggutönn.

Ég er furðuverk / Ólafur Haukur Simonarson

Ég á augu, ég á eyru
ég á lítið skrítið nef.
Ég á augabrúnir, augnalok
sem lokast þegar ég sef.
Ég á kinnar og varir rauðar
og á höfði hef ég hár
Eina tungu og tvö lungu
og heila sem er klár.

Ég á tennur og blóð sem rennur
og hjarta sem að slær.
Tvær hendur og tvo fætur
tíu fingur og tíu tær.
Ég get gengið og ég get hlaupið
kann að tala mannamál.
Ég á bakhlið, ég á framhlið
innst inni hef ég sál.

Því ég er furðuverk, algert furðuverk
sem að guð bjó til.
Ég er furðuverk, algert furðuverk
lítið samt ég skil.

Si mama ka / Söngur frá Swahili

::Si mama ka, si mama ka/setjast::

ruka, ruka, ruka/hoppa

si mama ka./setjast

::si mama ka./setjast::

ruka, ruka, ruka/hoppa

si mama ka./setjast

::Tembea, kimbea/ganga::

ruka, ruka, ruka/hoppa

si mama ka./setjast

::Tembea, kimbea/ganga::

ruka, ruka, ruka/hoppa

si mama ka./setjast

Óskasteinar / Lag: Bardos Lajos. Texti: Hildigunnur Halldórsdóttir

Fann ég á fjalli fallega steina,

faldi þá alla, vildi þeim leyna.

Huldi þar í hellisskúta heillasteina

alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina

lengur ei man ég óskina neina

er þeir skyldu uppfylla um ævidaga

ekki frá því skýrir þessi litla saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur

geti þær fundið telpa eða drengur.

Silfurskæra kristalla með grænu og gráu

gullna roðasteina rennda fjólubláu.

Che, che kule / Söngur frá Ghana

::Che che kule:: /hendur á höfuð
::Che che kofi sa::/hendur á axlir
::Kofi sa langa::/hendur á mjaðmir
::Kaka shi langa::/hendur á hné
::Kum adende::/gríptu um ökkla
Kum adende - HEY

Syngjandi geng ég allstaðar

Syngjandi hér, syngjandi þar,
syngjandi geng ég allstaðar.
Sí og æ, æ og sí
aldrei fæ ég nóg af því.

::Einu sinni ég átti kú::
Hún sagði ekki mö, heldur ba ba bú,
já, býsna skrýtin var kýrin sú.
Syngjandi hér.....
::Ég átti hund sem oft svaf fast::
Og þegar rigndi og það var hvasst,
þá fékk hann alltaf gigtarkast.
Syngjandi hér.....
::Ég átti klár sem Kappi hét::
Og ef ég hnakk minn á hann lét,
hann út af lagðist og stundi og grét.
Syngjandi hér.....
::Ég átti kött sem var klókur og vís::
Hann var andvígur því að eltast við mýs,
en át bara kökur og rjómaís.
Syngjandi hér.....
::Ég átti hrút, og hann var grár::
Svo skipti hann um lit, og eftir ár
hann orðinn var næstum því fjólublár.
Syngjandi hér.....
::Einu sinni ég átti geit::
Hún fékkst aldrei til að fara á beit,
því feimin hún var og undirleit.

Allir hafa eitthvað til að ganga á / Ólafur Haukur Símonarson

::Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá::

Fíllinn hefur feitar tær,
ljónið hefur loppur tvær
músin hefur margar smáar,
en ormurinn hefur ansi fáar.

::Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá::

Fiskurinn hefur fína ugga,
flóðhesturinn engan skugga,
krókóðillinn kjaftinn ljóta,
sá er klár að láta sig fljóta.

::Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá::

Á vængjunum fljúga fuglarnir,
á fótunum ganga trúðarnir
á hnúunum hendast aþarnir,
á rassinum leppalúðarnir.

::Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá::

Krúsílius / Aðalsteinn Ásberg og Anna Pálína Árnadóttir

Kannastu við köttinn minn?
Hann klókur er en besta skinn.
Hann er stærri en hestur og stærri en hús
já, kötturinn minn heitir krús, krús, krús.
Krúsílius.

Hann er gulur og grænn og blár.
Galdraköttur í húð og hár.
Og ég veit hvað hann syngur og víst er það satt
að Krúsílius, hann á köflóttan hatt.
Krúsílius.

Krúsílius kynlegur er
og klórar oft í tærnar á mér.
Hann vill aldrei fisk er með væl og pex
og segist bara vilja súkkulaðikex.
Krúsílius.

Og ekki nennir hann að elta mýs.
Því alla daga vill hann rjómaís.
Hann er alltaf að stækka en enginn það sér
því Krúsílius býr í kollinum á mér.
Krúsílius.

Vorvindar / Sænskt þjóðlag. Þýðing Helgi Valtýsson

Vorvindar glaðir,
glettnir og hraðir,
geysast um lundinn rétt eins og börn.
Lækirnir skoppa,
hjala og hoppa,
hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn.
Hjartað mitt litla, hlustaðu á;
hóar nú smalinn brúninni frá.
Fossbúinn kveður,
kætir og gleður,
frjálst er í fjallasal.

Lóan er komin / Lag: Amerískt lag. Ljóð: Páll Ólafsson

Lóan er komin að kveða burt snjóinn.
Að kveða burt leiðindin, það getur hún.
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót,
hún hefur sagt mér að vaka og vinna
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

Maístjarnan / Lag: Alþýðulag/Jónas Ásgeirsson. Ljóð: Halldór Laxnes

Ó hve létt er þitt skóhljóð
og hve lengi ég beið þín,
það er vorhret á glugga,
napur vindur sem hvín,
en ég veit eina stjörnu,
eina stjörnu sem skín,
og nú loks ertu komin ,
þú ert komin til mín.

Það eru erfiðir tímar,
það er atvinnupref,
ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef,
nema von mína og líf mitt
hvort ég vaki eða sef,
þetta eitt sem þú gafst mér
það er allt sem ég hef.

Norðanvindur / Höfundur ókunnur

Nú er úti norðanvindur
nú er hvítur Esjutindur.
Ef ég ætti úti kindur
þá myndi ég láta þær allar inn.
Elsku besti vinurinn
Úmbarassa....

Að gæta hennar gildir / Lag: Atli Heimir Sveinsson. Ljóð: Þórarinn Eldjárn

Á íslensku má alltaf finna svar
og orða stórt og smátt sem er og var,
og hún á orð sem geyma gleði og sorg,
um gamalt líf og nýtt í sveit og borg.

Á vörum okkar verður tungan þjál,
þar vex og grær og dafnar okkar mál.
Að gæta hennar gildir hér og nú,
það gerir enginn – nema ég og þú.

Krummi svaf í klettgjá / Höfundur: Jón Thoroddsen

Krummi svaf í klettagjá
kaldri vetrarnóttu á
:/: verður margt að meini:/:
Fyrr en dagur fagur rann
freðið nefið dregur hann
:/:undan stórum steini.:/:

Á sér krummi ýfði stél,
einnig brýndi gogginn vel
;,: flaug úr fjallagjótum, ;,:
lítur yfir byggð og bú,
á bæjum fyrr en vakna hjú,
;,: veifar vængjum skjótum.

Sálaður á síðu lá
sauður feitur garði hjá
;,: fyrrum frá á velli.:,:
Krunk krunk, nafnar komið hér
krunk krunk, því oss búin er
;,: krás á köldu svelli.:,:

Þorraþræll/Þjóðlag. Ljóð: Kristján Jónsson

Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð,
kveður kuldaljóð
Kári í jötunmóð.
Yfir laxalóni liggur klakapil,
hlær við hríðarbyl
hamragil.
Mararbára blá
brotnar þung og há,
unnar steinum á
yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni æðrast skipstjórinn.
Harmar hlutinn sinn
hásetinn.

Hafið bláa hafið / Lag: Friðrik Bjarnason. Texti: Örn Arnarson

Hafið, bláa hafið, hugann dregur.
Hvað er bak við ystu sjónarrönd?
Þangað liggur beinn og breiður vegur.
Bíða mín þar æskudrauma lönd.
Beggja skauta byr bauðst mér aldrei fyrr.
Bruna þú nú, bátur minn.
Svífðu seglum þöndum,
svífðu burt frá ströndum.
Fyrir stafni haf og himinninn.

Gull og perlur/ Texti: Hjálmar Freysteinnsson

Gulli og perlum að safna sér
sumir endalaust reyna.
Vita ekki að vináttan er
verðmætust eðalsteina.

Gull á ég ekki að gefa þér
og gimsteina ekki neina.
En viltu muna að vináttan er
verðmætust eðalsteina.

Stafrófsvísa / Þórarinn Eldjárn

A – Á – B – D – Ð – E – É,
F – G – H – I – Í – J – K.
L – M – N – O – Ó og P
eiga þar að standa hjá.

R – S – T – U – Ú – V – næst
X – Y – Ý svo Þ – Æ – Ö.
Íslenskt stafróf er svo læst
í erindi þessi skráttin tvö.

Hæ góðan dag

Hæ góðan dag, hello guten tag.
::Welcome, welcome::
Buenos dias, buenos dias.
Hææææææææææææææ!

Það er leikur að læra

Það er leikur að læra
leikur sá er mér kær,
að vita meira og meira,
meira' í dag en í gær.

Bjallan hringir, við höldum
heim úr skólanum glöð,
prúð og frjálsgleg í fasi.
Fram nú allir í röð.

Ef sólin væri

Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjó,
rosalegt fjör yrði þá!
Ég halla mér aftur, rek tunguna út - uhuhuh!
Rosalegt fjör yrði þá!

Ef regnið væri úr bleiku bangsa-gúmmí,
rosalegt fjör yrði þá!
Ég halla mér aftur, rek tunguna út - uhuhuh!
Rosalegt fjör yrði þá!

Ef snjórinn væri úr sykurpúða-poppi,
rosalegt fjör yrði þá!
Ég halla mér aftur, rek tunguna út - uhuhuh!
Rosalegt fjör yrði þá!

Það er skemmtilegast / Hafdís Huld Þrastardóttir og Alisair Wright

Það er skemmtilegast að leika sér
þegar allir eru með.
Í stórum hóp inn um hlátrarsköll
geta ævintýrin skeð.
Svo vertu velkominn
nýi vinur minn.

Það er skemmtilegast að leika sér
þegar allir eru með.

Það er ótrúlegt hverju lítið bros
fengið getur breytt.
Getur glatt og huggað jafnvel þá
sem við þekkjum ekki neitt.
Svo vertu velkominn
nýi vinur minn.
Það er skemmtilegast að leika sér
þegar allir eru með.